Mál nr. 109/2024
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. maí 2024.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 15. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðarinnar X hinn 8. febrúar 2022 þegar hún missti stjorn á bifreiðinni í hálku með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á vegriði. Daginn eftir leitaði M á Læknavaktina vegna verkja í baki og herðablöðum. Með tjónstilkynningu M til V dags. 8. desember 2022 lýsti M meiðslum sínum með þeim hætti að hún hafi verki „..í baki, mest í efra baki við herðablöð. Verkjaleiðni upp i háls og í hægri mjöðm. Spenna og los í kjálkanum, sérstaklega vinstra megin.“ Í læknisvottorði Læknavaktarinnar dags. 15. janúar 2023 kemur fram að M hafi verið greind með tognun í brjósthrygg og ákverka/högg og ráðlagt að fara til endurmats hjá heimilislækni ef hún skánaði ekki á næstu einni til tveimur vikum, en fyrr ef ástandið versnaði. Í gögnum frá heilsugæslu kemur fram að M leitaði til læknis 5. janúar 2023 og í færslu læknisins í sjúkraskrá kemur fram að M hafi haft bakverki eftir bílslys en ekki mikið að finna við skoðun annað en væga vöðvabólgu og læknirinn ráðleggur sjúkraþjálfun.

M hefur gert kröfu til greiðslu bóta af hálfu V og telur sannað með læknisfræðilegum gögnum í málinu að M hafi hlotið líkamstjón í umferðarslysi hinn 8. febrúar 2022 og hafi það samhljóm með einkennum M þegar hún leitaði aftur til læknis 5. janúar 2023. M vísar til þess að hún hafi verið mikið fjarverandi frá vinnu vegna afleiðinga slyssins og vísar um það til gagna frá vinnuveitanda um fjarveru frá vinnu vegna veikinda.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda og telur, þegar litið sé heildstætt á gögn málsins, að ekki verði séð að ótvíræð orsakatengsl séu milli tjóns og bótaskylds vátryggingaratburðar. V vísar til þess að M hafi ekki leitað til læknis vegna einkenna í 11 mánuði þrátt fyrir ráðleggingar um að gera það ef einkenni hennar væru enn einni til tveimur vikum eftir að M leitaði á Læknavaktina daginn eftir tjónsatvikið, eða 9. febrúar 2022. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem lýst er í læknisfræðilegum gögum séu ósértæk og kunni vel að vera rakin til annarra atriða en umferðaróhapps. Ekki liggi heldur fyrir gögn um sjúkraþjálfunarmeðferð M. V telur einnnig ósannað að fjarvistir M frá vinnu tengist afleiðingum slyss þar sem engin læknisfræðileg gögn liggi því til grundvallar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til áreksturs hinn 8. febrúar 2022 og ef svo er hvort V sé skylt að greiða bætur til M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X, meðal annarsa fyrir gagnaöflun og mat á afleiðingum atviksins fyrir M.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis daginn eftir umrætt tjónsatvik. Ekki verður séð að M hafi hitt lækni eftir fyrr en 5. janúar 2023, þar sem rætt er um sama tjónsatvik og mögulegar afleiðingar þess og þá tekur læknir fram að einkenni séu helst vöðvabólgueinkenni. Þau gögn sem liggja fyrir um eðli og afleiðingar líkamlegra einkenna M eru því mjög takmörkuð og ná einungis til tveggja læknisheimsókna auk þess sem einkennum er lýst með nokkuð almennum hætti af hálfu lækna, sérstaklega í seinni heimsókninni. Ekki liggur fyrir vottorð frá sérfræðingi eða annað sem staðfestir að meiri líkur en minni séu á því einkenni M nú sé hægt að rekja til téðs tjónsatviks. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M, auk þess sem upplýsingar um fyrra heilsufar hennar og tengsl við mat á núverandi ástandi liggur ekki fyrir.

Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því. Í því felst að M hefur ekki

sýnt fram á að hún eigi rétt til frekari bóta, t.d. sjúkrakostnaðar eða annars fjártjóns skv. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða annarra bóta skv. ákvæðum sömu laga úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.
M, á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X, hjá V.

Reykjavík, 3. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir